

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Rekstur deilda Mosfellsbæjar janúar til mars 2024

Dags: 6. maí 2024

Málsnúmer: 202405035/-

Sendandi: Anna María Axelsdóttir, Verkefnastjóri á fjármála- og áhættustýringarsviði

Inngangur:

Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirlit málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A- og B hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðargjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins.

Í ársfjórðungsyfirliti er ekki tekið tillit til samrekinna byggðasamlaga. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði eru yfirlitin gerð aðgengileg á vefsíðu bæjarins auk þess sem fjárhagsupplýsingar fyrsta ársfjórðungs ársins 2024 eru gerðar aðgengilegar á síðum fyrir opið bókhald.

Greinargerð:

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarreikningi samstæðu A og B hluta fyrstu þrjá mánuði ársins 2024.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 5.462 m.kr. sem er í samræmi við fjárhagsáætlun. Tekjur af útsvari og framlög jöfnunarsjóðs eru aðeins lægri en áætlað var og er það vegna þess að gerð kjarasamninga hefur tafist og þ.a.l. þessar tekjur. Fasteignaskattur er að mestu í samræmi við fjárhagsáætlun tímabilsins. Launakostnaður var 2.443 m.kr. og er lítillega hærri en fjárhagsáætlun. Annar rekstrarkostnaður var 2.642 m.kr. sem er lítillega lægri en áætlað. Afskriftir voru 120 m.kr. sem er í samræmi við áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 257 m.kr. sem 58 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað. Fjármagnskostnaður er 389 m.kr. sem eru 80 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Frávikin skýrast af herra vaxtastigi og meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða tímabilsins er því neikvæð um 132 m.kr. sem er 138 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Nánari upplýsingar um rekstur málaflokka og deilda verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllt,

Anna María Axelsdóttir, staðgengill fjármálastjóra

Fylgiskjal:

Yfirlit yfir rekstur málaflokka og deilda með samanburði við fjárhagsáætlun.